

Fundargerð 190. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 14. nóvember 2024, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Kristmundur Skarphéðinsson, Pétur Freyr Jónsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Gunnar Sigurðsson, Helgi Már Sigurgeirsson, og Einar Óskar Friðfinnsson

Fjarfundur: Sigurður Gunnar Benediktsson og Ingi Bogi Hrafnsson

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 189

Fundargerð hefur verið samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður fór yfir stöðuna frá síðasta stjórnarfundum. Hann sagðist hafa verið mikið í burtu á milli þessara tveggja funda, en það stoppar ekkert þó svo maður fari í frí. Höfum verið að funda með Faxaflóahöfnum, næsti fundur er núna kl. 11 og vonum við að allir liðir verði klárir þá. Þá er líka verið að reyna að ná samningum við SA/SFS vegna fiskeldis. Tveir fundir eru búnir vegna sanddæluskipa og einn með Landhelgisgæslunni.

Mikil vinna búið að vera í gangi vegna innleiðingar Tótal og allt er á áætlun, bæði vinna og kostnaður.

Haustfundur Gildis var um daginn og farið var yfir níu mánaða stöðuna og lítur hún betur út en á síðasta ári.

3. Orlofsmál

Við ræddum orlofsmálin svolítið síðast, ákveðinn hluti af því sem talað var um að gera er farið af stað. Verið er að bíða eftir skýrslu frá Gunnari Fannberg og þegar hún verður klár þá verður kallaður saman orlofsnefndarfundur. Búið að fara í framkvæmd í Furulundi sem talað var um. Ósk kom um að orlofsnefndin fái upplýsingarnar mánaðarlega með tölvupósti hvað er búið að gera og hvað ekki.

4. Trúnaðarmannaráðstefna Fagfélaganna

Formaður fór yfir dagskrá ráðstefnunnar. Farið verður frá Stórhöfðanum með rútu fyrir þá sem vilja. Spurt var hvort ASÍ yrði til umræðu, og í framhaldinu hvað við ætlum að gera til að standa við það sem samþykkt var á aðalfundinum. Við verðum að nota janúar og febrúar til

að kynna ASÍ. Formaður sagðist koma með tillögu að fundarplani í janúar til að kynna kosti og galla ASÍ. Formaður telur að það sé mjög vont fyrir okkur að fara án hinna í Fagfélaganna út úr ASÍ.

5. Breytingar á fræðslusjóði

Tillaga að breytingu. Hámarksstyrkur á ári fyrir allar tegundir styrkja (nám, námskeið, ferðir) verður 50.000 kr. ef félagsmaður á full réttindi í sjóðnum. Annars í hlutfalli við vinnu sl. 12. mánuði. Félagsmenn sem hafa greitt samfellt í fræðslusjóð félagsins sl. 3 ár og ekki nýtt sér rétt sinn til styrks geta átt rétt á styrk allt að 150.000 kr. fyrir eitt samfellt starfstengt nám samkvæmt nánari reglum sjóðsins.

1. Janúar ættu allir 50.000 kr. í sjóðnum og síðan kæmi inn 50.000 kr. í september, mest hægt að eiga 150.000 kr. í einu. Til þess að ekki líði eitt og hálf ár frá því að fyrstu 50.000 komi inn (sept 2026) þá er tillaga um að það komi inn í sept. 2025 þannig að árið 2025 komi samtals inn 100. þús kr.

Viðbótarréttur

Einungis þeir félagsmenn VM sem vinnuveitandi greiðir sérstaklega af í fræðslusjóð eiga rétt á viðbótarstyrk. Miðað er við að greiðslur vinnuveitanda nemi 1,1% af heildarlaunum starfsmanns. Ef samið er um lægra hlutfall, skerðast styrkir hlutfallslega. Viðbótarstyrkur nemur kr. 67.000 á ári með rétti til uppsöfnunar í þrjú ár. Viðbótarréttur getur þannig orðið kr. 201.000 ef ekkert er tekið út.

Viðbótarstyrkurinn er ætlaður til fagnáms og starfsþróunar.

Einnig er lagt til að félagssjóður fari að greiða 3% til fræðslusjóðs og fræðslusjóður hætti að greiða 3% þóknun til félagssjóðs. Eftir endurskoðun v. 2025 verður svo tekin staðan aftur.

Umræðu urðu og að lokum ákveðið að 1.jan. myndu allir fá 100.000 kr. og svo 50.000 kr. á ári uppsafnanlegt í 3 ár. Annað samþykkt eins og tillagan segir.

6. Til upplýsinga

- Ritun kjarasamninga. Formaður fór yfir stöðuna, allt í vinnslu.
- Sala á Akralind, búið er að selja og fengum við 15.635.457 inn á reikning.
- 6 mánaða staðan, umræður
- Yfirlit frá bönkum, umræður

7. Önnur mál

- Spurt var hvort það sé einhver rammi utan um það sem fagnefnd sjómanna, væri að gera. Formaður sagðist ekki muna hvernær þessi nefnd var stofnuð en það væri eiginlega bara eitt mál sem þessi fagnefnd hefur glímt við og það er mönnun vélstjórar á uppsjávarskipunum.
- Fyrirspurn, varðandi Vinnueftirlit Ríkisins, við erum með samning fyrir ríkisstarfsmenn á sjó en hvað með ríkisstarfsmenn á landi. Ef félagsmaður fer að vinna hjá Vinnueftirlitinu getur hann þá ekki greitt hingað? Formaður sagði þetta rétt hjá honum og að best væri að við gætum fengið að koma að samningnum en það er ekki auðfengið.

- c) Ítrekuð ósk um að fá lista yfir styrkveitingar úr Akki, og fundargerð frá Aðalfundi.
- d) Fyrirspurn: Er Alþýðusambandið ekki búið að samþykkja löggin okkar. Formaður sagði að hann þyrfti að heyra í ASÍ og kanna stöðuna.

Fundi slitið 11:52